

Nd.

653. Frumvarp til laga

[9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðjarða bera $\frac{1}{4}$, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega $\frac{1}{2}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Kostnaður eyðjarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðjarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvers þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

3. gr.

Kostnaður við grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.